

SAMÞYKKT

um hundahald í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Ísafjarðar, nema með leyfi sem bæjarstjórn Ísafjarðar veitir.

2. gr.

Umsóknnum um leyfi til að halda hund skal skilað á sérstökum eyðublöðum á bæjarskrifstofur. Sækja skal um leyfi þegar hundurinn hefur náð þriggja mánaða aldri og skal litmynd fylgja umsókn. Leyfið skal bundið við nafn og heimili lögráða einstaklinga og er óheimilt að framselja það. Leyfið er bundið við þann hund sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

Þegar leyfið hefur verið veitt fer skráning og afhending leyfisbréfs fram á bæjarskrifstofum. Fær þá eigandi hundsins afhenta plötu sem greypt skal í skráninganúmer hundsins. Plata þessi skal jafnan vera fest við ól um háls hundsins. Senda skal lögreglustjóra afrit af leyfisbréfi.

Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi skal skriflegt samþykki sameigenda fylgja umsókn. Samþykki þarf að liggja fyrir frá öllum íbúum stigagangs í fjölbýlishúsi.

3. gr.

Leyfisgjald skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hunds og síðan árlega fyrirfram fyrir hvert ár með gjalddaga sem bæjarstjórn ákveður. Verði gjaldið ekki greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

Innifalið í leyfisgjaldi er hóprýgging allra hunda í kaupstaðnum sem bæjarstjórn sér um að kaupa.

Vottorði um hreinsun skal framvísa við greiðslu árgjalds.

Bæjarstjórn er heimilt að ákveða lægra gjald fyrir leitarhunda, sem lokið hafa svokölluðu B-prófi björgunarhund, smalahunda á lögbýlum og hunda sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda samkvæmt læknisráði.

4. gr.

Hundar skulu færðir til hreinsunar í október - nóvember ár hvert. Hundahreinsun fer fram í samræmi við reglugerð nr. 201/1957 um varnir gegn sullaveiki.

5. gr.

Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Leyfishafa er t.d. skylt að fjarlægja saur eftir hundinn á tryggilegan hátt.

Hundur skal aldrei ganga laus í þéttbýli. Skal hann vera í fylgd með manni sem hefur fullt vald yfir honum.

Þegar hundur er í festi á húslóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins.

Óleyfilegt er að hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli og þá staði sem um getur í VIII. - XVII. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990.

6. gr.

Eftirlitsmaður með dýrum í Ísafjarðarkaupstað annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi á Ísafirði í samstarfi við heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og getur hann leitað aðstoðar lögregluþyrvalda þegar þörf krefur.

Bæjarstjórn getur sett reglur um nánari framkvæmd samþykktar þessarar svo sem um eftirlit, hreinsun, hundageymslu o. fl.

7. gr.

Hunda, sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa í sérstaka hundageymslu. Sama gildir um hættulega hunda og ólöglega hunda. Eftirlitsmaður skal tilkynna leyfishafa um handsömunina þegar í stað. Eftirlitsmaður sér um geymslu, fóðrun og afhendingu hundsins. Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað að undangenginni tilkynningu til leyfishafa.

Eigendum ólöglegra hunda er gefinn kostur á að sækja um leyfi og greiða leyfisgjald innan 10 daga frá tilkynningu um handsömun.

Heimilt er að afhenda hund, sé leyfi framvísað innan 10 daga, sem og kvittun fyrir greiðslu handsömunargjalds og geymslukostnaðar.

Sé hundanna ekki vitjað innan 10 daga er heimilt að lóga þeim.

8. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem um hundahald gilda, getur bæjarstjórn afturkallað leyfið. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum eða varðhaldi. Með brot á samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 109/1984, VI. og VII. kafla.

10. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 1. gr. laga nr. 71/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald á Ísafirði nr. 307 frá 15. júní 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. mars 1994.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.